

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 383/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/878 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB að því er varðar aðila sem njóta undanþágu, eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, starfskjör, eftirlitsráðstafanir og -heimildir og ráðstafanir til að varðveita eigið fé ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 212, 3.7.2020, bls. 20.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 L 0878**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/878 frá 20. maí 2019 (Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 253), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 212, 3.7.2020, bls. 20.“

2. Aðlögunartexti n) fellur brott. Aðlögunartexti o) er endurtölusettur sem aðlögunartexti s). Aðlögunartextar l) og m) eru endurtölusettir sem aðlögunartextar n) og o), í þeirri röð. Aðlögunartextar g) til k) eru endurtölusettir sem aðlögunartextar h) til l).

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta f):

„g) Í 9. mgr. 21. gr. a. er orðunum „eða, ef um er að ræða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi með staðfestu í EFTA-ríkjunum, Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðunum „reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010,“.“

4. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta l):

(1) Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 253.

„m) Í a- og b-lið 4. mgr. 109. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „aðra löggjöf Sambandsins“ sem „EES-samninginn“.“

5. Eftirfarandi aðlögunartextum er bætt við á eftir aðlögunartexta o).

„p) Í 2. mgr. 129. gr., 2. mgr. 130. gr. og 2. mgr. 134. gr. er orðunum „eða, ef um er að ræða tilkynningu frá EFTA-ríki, til Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“.

q) Í 131. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

i) texti 5. mgr. a. hljóðar sem hér segir:

„Með fyrirvara um heimild fastanefndar EFTA-ríkjanna sem um getur í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, getur lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið krafið sérhverja aðra kerfislega mikilvæga stofnun, á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á, um að viðhalda eiginfjáruka fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun sem er hærri en 3% af heildaráhættugrunninum sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Sá eiginfjáruki skal samanstanda af almennu eigin fé þáttar 1.

Evrópska kerfisáhætturáðið skal, innan sex vikna frá viðtöku tilkynningarinnar sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar, láta fastanefnd EFTA-ríkjanna í té álit á því hvort eiginfjárukinn fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun teljist tilhlýðilegur. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur einnig látið fastanefnd EFTA-ríkjanna í té álit sitt á eiginfjárukanum.

Innan þriggja mánaða frá framsendingu Evrópska kerfisáhætturáðsins á tilkynningunni sem um getur í 7. mgr. til fastanefndar EFTA-ríkjanna, skal fastanefnd EFTA-ríkjanna, að teknu tilliti til mats Evrópska kerfisáhætturáðsins og Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar, ef við á, og ef hún er sannfærð um að eiginfjárukinn fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun hafi ekki í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt eða hluta fjármálakerfis annarra aðildarríkja eða í Sambandinu í heild sem myndar eða skapar hindrun fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins, samþykkja ákvörðun sem heimilar lögbæra yfirvaldinu eða tilnefnda yfirvaldinu að samþykkja fyrirhugaða ráðstöfun.“

ii) í 7. og 12. mgr. er orðunum „, eða, ef um er að ræða tilkynningu frá lögbæru eða tilnefndu yfirvaldi í EFTA-ríki, fastanefndar EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“.

r) Í 133. gr.:

i) í 9. mgr. er eftirfarandi bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“:

„eða, ef um er að ræða tilkynningu frá lögbæru yfirvaldi eða tilnefndu yfirvaldi í EFTA-ríki, fastanefndar EFTA-ríkjanna“.

ii) í 11. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „álit framkvæmdastjórnarinnar“ sem „álit fastanefndar EFTA-ríkjanna“.

iii) í fyrstu og annarri undirgrein 11. mgr. og fyrstu og þriðju undirgrein 12. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast hugtakið „framkvæmdastjórn“ sem „fastanefnd EFTA-ríkjanna“.

iv) í stað þriðju og fjórðu undirgreinar 11. mgr. kemur eftirfarandi:

„Ef stofnun sem einn eða fleiri kerfisáhættuauki gildir fyrir er dótturfyrirtæki móðurfélags með staðfestu í öðru aðildarríki, skal lögbært yfirvald eða tilnefnt yfirvald óska eftir tilmælum af hálfu framkvæmdastjórnarinnar í tilkynningunni sem lögð er fram í samræmi við 9. mgr. a., eða, ef um er að ræða móðurfélag með staðfestu í EFTA-ríki, fastanefndar EFTA-ríkjanna og ESRB.

Framkvæmdastjórnin eða fastanefnd EFTA-ríkjanna, eftir því sem við á, og Evrópska kerfisáhætturáðið, skulu hver um sig gefa tilmæli sín innan sex vikna frá viðtöku tilkynningarinnar.“

v) í fimmtu undirgrein 11. mgr. og í annarri undirgrein 12. mgr. er orðunum „eða fastanefnd EFTA-ríkjanna, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórninni“.

vi) í þriðju undirgrein 12. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „gerð“ sem „ákvörðun“.

6. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta s):

„t) Að því er EFTA-ríkin varðar, orðast fyrsta málsgrein 159. gr. a. sem hér segir:

„Móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem þegar eru til staðar á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021 frá 10. desember 2021 skulu sækja um samþykki í samræmi við 21. gr. a. fyrir þá dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum, að hámarki innan tveggja ára frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021 frá 10. desember 2021. Ef eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sækir ekki um samþykki fyrir þá dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum, skal gera viðeigandi ráðstafanir skv. 6. mgr. 21. gr. a.“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2019/878, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 212, 3.7.2020, bls. 20, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021 (²), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Verður birt.